

1. Hvernig skrái ég mig inn á Plesk?
2. Hvernig fæ ég sent nýtt lykilorð?
3. Hvernig tek ég afrit af vefnum mínum? (Mikilvægt Skref!)
4. Hvernig endurheimti ég afrit af vefnum mínum?
5. Hvernig uppfæri ég PHP?
6. Hvernig uppfæri ég Wordpress og viðbætur (plugins)?
7. Hvernig breyti ég úr HTTP í HTTPS?

1 HVERNIG SKRÁI ÉG MIG INN Á PLESK?

Vinsamlegast skráið ykkur inn á Plesk þjóninn ykkar. Í boði eru tveir þjónar. Ef þið munið ekki hvor þjóninn hýsir vefinn ykkar, vinsamlegast reynið þá að skrá ykkur inn á báða þjónana. Notendanafn og lykilorð virkar einungis á þeim þjóni sem hýsir vefinn ykkar.

[Hysliweb01](#)

[Hysliweb02](#)

Þegar innskráningu í Plesk er lokið þá kemur upp þetta viðmót.

Allar breytingar sem framkvæma þarf er undir “Websites & Domains”.

The screenshot displays the Plesk control panel interface. On the left, a dark sidebar contains navigation options: 'Websites & Domains' (highlighted with a red arrow), 'Applications', 'Files', 'Databases', 'Statistics', 'Users', 'Account', 'WordPress', and ' Joomla!'. The main content area is titled 'Websites & Domains' and shows '1 items total'. Below this, there are buttons for 'Add Domain', 'Add Subdomain', and 'Add Domain Alias'. A table lists the domain 'reverent-boyd.212-30-229-31.plesk.page' with an 'Active' status. Below the table, there are several management tools for the domain, including 'Files & Databases' (Connection info for FTP, Database, Files, Backup & Restore, Databases, Website Copying), 'Dev Tools' (PHP Version 8.1.22, WP Toolkit, Logs, PHP Composer, Git, Google PageSpeed Insights, Install Application), and 'Usage stats' (Disk Usage 98.8 MB, Traffic 0.2 MB/month, Web Statistics SSL/TLS).


2 HVERNIG FÆ ÉG SENT NÝTT LYKILORÐ?

Í boði eru tveir þjónar. Ef þið munið ekki hvor þjónninn hýsir vefinn ykkar, þá þurfið þið að gera eftirfarandi á báðum þjónunum.

Hysliweb01

Hysliweb02

Smellið á “Forgot your password?” og sláið inn annað hvort “Email address” eða “Username”.



pleSk web host edition

Username


Password

Log in

What username and password to use?

Forgot your password?

Cookies policy in Plesk



pleSk web host edition

Reset password

Enter your email address, or username registered in Plesk and we will send you a password reset email.

Email address

Username


Send Cancel

Í kjölfarið er sendur tölvupóstur á netfangið sem er skráð fyrir vefnum. Þar kemur fram á hvorum þjóninum vefurinn ykkar er, 01 eða á 02. Smellið á hlekkinn í tölvupóstinum til að endursetja lykilorðið.


3 HVERNIG TEK ÉG AFRIT AF VEFNUM MÍNUM?

Áður en þið uppfærið eitthvað á vefnum ykkar þá skulið þið fyrst taka fullt afrit af vefnum.


Smellið á “Backup & Restore”.




Smellið næst á “Back Up” hnappinn.



Hakið í **Type Full**. Skriðið athugasemd í “Comments” ef þið viljið. Góð vinnuregla er að skrifa athugasemd svo hægt sé að aðgreina þetta afrit frá öðrum afritum. Hakið einnig í “When a backup task is completed ..” og setjið inn netfangið ykkar. Stærð vefsins ræður tímalengd afritunar.




Þegar afritun er lokið þá er hægt að smella á grænu örina lengst til hægri til að eiga afrit af vefnum á ykkar tölvukerfi, sé þess óskað. Advania mun einnig geyma öll afrit sem tekin eru.




4 HVERNIG ENDURHEIMTI ÉG AFRIT AF VEFNUM MÍNUM?

Hafi uppfærslan á vefnum mistekist, eða annað óútskýrt atvik krefjist þess að endurheimta þurfi afrit af vefnum, þá er einfalt og auðvelt að sækja eldra afrit. Smellið á afritið sem þið tókuð í “Backup Manager”.



Undir “What do you want to restore?” Veljið “All objects (entire system)”. Hakið í “When the restoration is completed ..” og setjið inn netfangið ykkar. Stærð vefsins ræður tímalengd endurheimtar.





5 HVERNIG UPPFÆRI ÉG PHP?

Smellið á “PHP” undir “DevTools”.

Veljið úr listanum útgáfu af PHP sem ekki er “Outdated”

Ef ekki er neitt val um “PHP version”, vinsamlegast sendið tölvupóst á hjalp@advania.is og skilgreinið vandamálið. Advania mun þá aðstoða við úrlausn vandamálsins.




6 HVERNIG UPPFÆRI ÉG WORDPRESS OG VEFVIÐBÆTUR (PLUGINS)?


Vinsamlegast athugið !!

Hafi Wordpress vefurinn ykkar verið fluttur til okkar frá þriðja aðila, t.d., 1984.is, þá virka þessar leiðbeiningar ekki. Vinsamlegast sendið tölvupóst á hjalp@advania.is, og skilgreinið vandamálið og mun Advania þá aðstoða við úrlausn vandamálsins.


Smellið á “Wordpress”. Eftir það smellið á “Log In”.




Sé uppfærsla í boði þá er það tilgreint undir “Dashboard”. Smellið á “Please update now” til að uppfæra.



Smellið á “Update to version” hnappinn.




Eftir að uppfærslu á Wordpress er lokið, þá kemur upp “Welcome” síða, sambærileg meðfylgjandi skjáskoti.



Að þessu loknu þá skal uppfæra “Plugins” með því að smella á “Plugins” vinstra megin á skjánum.

Mælst er til þess að virkja sjálfvirkar uppfærslur með því að smella á “Enable auto-updates” hægra megin.

Séu sjálfvirkar uppfærslur ekki virkjaðar þá er hægt að smella á “update now” við þau plugins sem þess þurfa.




7 HVERNIG BREYTI ÉG ÚR HTTP Í HTTPS?

Allir vefir í Plesk hýsingu eiga að notast við skilríki.


Þessi skref eiga við ef ekkert skilríki er uppsett.

Ef ekkert skilríki er uppsett þá stendur í rauðum stöfum, “Domain not secured” undir “SSL/TLS Certificates”.

Til að útbúa skilríki, smellið á “SSL/TLS Certificates” undir “Security”. Að því loknu skal smella á “Install”.



The screenshot shows the Plesk dashboard for a domain named 'reverent-boyd.212-30-229-31.plesk.page'. The 'Security' section is expanded, and the 'SSL/TLS Certificates' item is highlighted with a red warning icon and the text 'Domain not secured'. A red arrow points to this warning.



The screenshot shows the Plesk 'SSL/TLS Certificate' page for the domain 'reverent-boyd.212-30-229-31.plesk.page'. The page displays a warning message: "Your domain is not secured with a valid SSL/TLS certificate. Order or Install It to secure data transfer, credit card transactions, logins, and other personal information. To secure your domain, order a new certificate from the list below or [upload an already purchased certificate](#)." Below the warning, there are three options for installing a certificate: "Install a free basic certificate provided by Let's Encrypt", "Upload a certificate you already purchased", and "Download or remove existing certificates". The "Install" button under the first option is highlighted with a red arrow.

Gangið úr skugga um að rétt netfang sé valið. Veljið "Secure the domain name" ásamt "Include a "www" subdomain..".
Smellið að því loknu á "Get it free".

SSL/TLS Certificate for reverent-boyd.212-30-229-31.plesk.page

×



Let's Encrypt is a certificate authority (CA) that allows you to create a free SSL/TLS certificate for your domain. By proceeding you acknowledge that you have read and agree to the [Let's Encrypt Terms of Service](#).

Note: The certificate will be automatically renewed 30 days in advance before its expiration.

Email address *

Make sure to use a valid email address to receive important notifications and warnings.

- Secure the domain name
reverent-boyd.212-30-229-31.plesk.page
- Secure the wildcard domain (Including www and webmail)
*.reverent-boyd.212-30-229-31.plesk.page
- Include a "www" subdomain for the domain and each selected alias
www.reverent-boyd.212-30-229-31.plesk.page


Get it free

Cancel

Þessi skref eiga við ef skilríki er nú þegar uppsett.

Sé skilríki uppsett þá stendur “Security can be improved” undir “SSL/TLS Certificates”.

Undir “Security”, smelltu á “SSL/TLS Certificates” - “Security can be improved”.



Home > Domains > reverent-blackwell.212-30-229-31.plesk.page

Dashboard | Hosting & DNS | Mail

Files & Databases

- Connection Info for FTP, Database
- Files
- Databases
- FTP
- Backup & Restore
- Website Copying

Dev Tools


- PHP Version 7.4.33 **outdated**
- Logs
- Git
- PHP Composer
- Performance Booster Speed boost available
- Install Application
- Scheduled Tasks
- Google PageSpeed Insights

Security

- SSL/TLS Certificates** Security can be improved
- ImunifyAV Not scanned yet
- Web Application Firewall
- Advisor
- Password-Protected Directories

Ef “Redirect from http to https” er ekki grænt undir “Options”, vinsamlegast sendið tölvupóst á hjalp@advania.is, skilgreinið vandamálið og mun Advania þá aðstoða við úrlausn vandamálsins.

“Domain” og “Domain with www” þarf að vera secured. Sjá á mynd hér fyrir neðan hvernig þetta á að líta út.



Websites & Domains > reverent-boyd.212-30-229-31.plesk.page > SSL/TLS Certificate for reverent-boyd.212-30-229-31.plesk.page

Reissue Certificate | Unassign Certificate | Advanced Settings

Let's Encrypt
Entry-level protection

Certificate Name: Lets Encrypt reverent-boyd.212-30-229-31.plesk.page
Valid To: December 3, 2023
Will be automatically renewed

Options

- Redirect from http to https: **Enabled**
- HSTS: Disabled
- Keep websites secured: Disabled
- OCSF Stapling: Disabled
- Run SSL Labs Test: Deep analysis of the SSL web server configuration.

Secured Components

- Domain: reverent-boyd.212-30-229-31.plesk.page **Secured**
- Domain with the "www" prefix: www.reverent-boyd.212-30-229-31.plesk.page **Secured**